

Fundur stjórnar Iccarma

Fundartími: föstudagur 12 október 2018, kl. 9:00-10:00

Fundarstaður: Hafrannsóknastofnun, Skúlagötu

Mættir: Eiríkur Smári Sigurðarson, Anna Kristín Daníelsdóttir, Sóley Gréta Morthens, Elísabet M. Andrésdóttir (ritaði fundargerð), Úlfar Kristinn Gíslason

Fundargerð

Ný stjórn skipti með sér verkum. Úlfar er formaður, Eiríkur Smári verður áfram gjaldkeri og Elísabet ritari.

Næst var tekið fyrir erindi frá íslenskum háskólabókasöfnum um opinn aðgang. Samþykkt var að hitta fulltrúa þeirra á fundi. Úlfar ætlar að sjá um að koma þeim fundi á.

Samþykkt var að Úlfar taki fyrir hönd félagsins sæti í verkefnahóp (*task force*) á vegum Inorms alþjóðasamtaka rannsóknastjóra og Svandís Halldórsdóttir hjá HÍ verði varamaður hans. Hlutverk hópsins er að uppfæra fyrstu útgáfu *Research Administration As A Profession – RAAAP* könnunarinnar. Áætlað er að senda aðra útgáfu könnunarinnar til félagsmanna allra aðildarfélaga Inorms fyrir lok árs 2019.

Rætt var um að félagið vanti lógó. Úlfar ætlar að skoða málið og senda tillögu til stjórnar.

Farið var yfir hugsanlega viðburði sem félagið vill standa fyrir á árinu, t.d. persónuverndarnámskeið vegna rannsókna, námskeið í samvinnu við Rannís um *impact writing* og endurskoðun á H2020 verkefnum og fá kynningu á Auðnu tækniyfirfærsluskrifstofu.

Stefnt er að því að halda næsta fund í stjórnar 7. desember á sama stað.